

Auglýsing

98

9. júlí

um breyting á Reglum um afnot Landsbókasafnsins, dags. 21. apríl 1909.

1. Aftan við 6. gr. bætist:
Lántakendum eru bönnuð öll endurlán til annara manna.
2. 10. gr. stafl. e orðist svo:
e. Skáldsögur og aðrar skemtibækur íslenzkar.

Í stjórnarráði Íslands, 9. júlí 1910.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.

Erindisbréf

99

9. júlí

fyrir Landsbókavörð og bókaverði við Landsbókasafn Íslands.

A. Landsbókavörður.

Landsbókavörður hefir eftirlit og yfirumsjón með allri vinnu í þarfir Landsbókasafnsins.

Hann annast öll viðskifti safnsins út á við og hefir á hendi öll bréfa- viðskifti þess utanlands og innan.

Hann heldur alla reikninga safnsins og semur við hver árslok nákvæman ársreikning yfir allar tekjur þess og útgjöld og sendir hann síðan stjórnarráðinu með fylgiskjölum. Ennfremur annast hann um hinn fasta sjóð safnsins, og ber ábyrgð á honum.

Hann gerir út um öll kaup á bókum, tímaritum og handritum í samráði við nefnd þá, er sett er honum til ráðuneytis í þeim efnum, og pantar allar þær bækur og tímarit, er safnið kaupir, og veitir yfir höfuð öllu prentmáli þess viðtöku; rita skal hann bækur allar og tímarit inn í viðtökubók, stimpla þau og tölumerkja.

Hann skal, auk viðtökubókar, halda bæði nákvæma kassabók yfir innborganir allar og útborganir í þágur safnsins, pantanabók yfir bækur og tímarit og bréfabók yfir bréf þau, er hann ritar fyrir safnið.

Hann semur hina árlegu ritaukaskrá, er safnið gefur út, og undirbýr hana jafnóðum og ritin eru merkt og skráð í aðfangabók þann veg, að gerður er miði fyrir hverja bók með titli hennar og flokksmarki. Ritinu fylgi órstatt skýrsla um hag og störf safnsins umliðið ár.

99 Vinnutími landsbókavardar í þarfir safnsins hvern virkan dag er minst 9. júlí 6 stundir — lengur þegar á liggur; og er honum sérstaklega skylt að vera að forfallalausni viðstaddur í safninu kl. 12—3. En heimil er honum hálfis mánaðar vinnuhvöld á ári, með því skilyrði, að óhjákvæmilegum daglegum störfum verði gengt í fjarveru hans safninu að kostnaðarlausu.

B. 1. bókavörður.

Hann hefir á hendi útlán bóka, 2 stundir hvern virkan dag, og sér um skil á þeim; ennfremur annast hann bókbands safnsins, afhendir bókbindaranum bækur og handrit til bands ásamt skráum yfir þau og sér um góð skil á þeim aftur úr hans höndum. Hann skal og hafa umsjón með handritasafninu og annast framhaldsskrásetning þess jafnóðum og handritin berast safninu. Um önnur störf hans í þarfir safnsins, svo sem röðun o. fl., fer eftir þörfum og ástæðum og eftir fyrirsögn landsbókavardar.

Vinnutími 1. bókavardar í þarfir safnsins er minst 6 stundir hvern virkan dag — lengur ef á liggur, en heimil er honum hálfis mánaðar vinnuhvöld á ári, með því skilyrði, að óhjákvæmilegum daglegum störfum verði gengt í fjarveru hans safninu að kostnaðarlausu.

C. 2. bókavörður.

Annar bókavörður sé lestrarsalsvörður. Hefir hann umsjón alla á salnum, bæði yfir handbókasafni hans og bókum þeim, er lánaðar eru þangað innan úr bókasafninu til lesturs. Hann hefir þess nákvæmar gætur, að eigi verði vanskil á útlendum tímaritum, er á lestrarsalinn koma, og gerir þegar í stað viðvart um, ef eitthvað vantar.

Hann gætir þess vandlega, að bækur glatist eigi af salnum né skemmist. Ennfremur skal hann, einu sinni eða tvisvar í viku hverri, bera saman bækur lestrarsalsins við hylluskrá þá, sem nú er fullsamin yfir þær, og breyta skránni, þegar gamlar bækur eru teknar út af salnum eða nýjar bætast við. Um aðra vinnu hans, að svo miklu leyti sem um hana gætur verið að tefla (t. d. um sumartímann, þegar aðsókn að lestrarsalnum er mjög lítil), fer eftir þörfum og ástæðum og eftir fyrirsögn landsbókavardar.

Vinnutími 2. bókavardar í þarfir safnsins er minst 6 stundir hvern virkan dag — lengur ef á liggur, en heimil er honum hálfis mánaðar vinnuhvöld á ári, með því skilyrði, að óhjákvæmilegum daglegum störfum verði gengt í fjarveru hans safninu að kostnaðarlausu.

Í stjórnarráði Íslands, 9. júlí 1910.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.